

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Áftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

Persónuvernd

Innk.: - 1. NÓV. 2012

Mál: 2012/ [REDACTED]

1049

Mál nr. 7094/2012.

Reykjavík, 31. október 2012.

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík.

Það tilkynnist að ég hef lokið athugun minni á kvörtun [REDACTED] fyrir hönd [REDACTED] vegna málsmeðferðar Persónuverndar við athugun á því hvort myndavél hafi verið komið fyrir í bifreið sem lagt var í bílastæði í eigu [REDACTED] í bílageymslu í fjölbýlishúsi. [REDACTED] var tilkynnt um niðurfellingu málsins með bréfi, dags. 14. júní 2012.

Þrátt fyrir að ég hafi ákveðið að ljúka athugun minni á málipessu tel ég rétt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við Persónuvernd og þá það með það fyrir sjónum að framvegis verði tekið mið af þessum sjónarmiðum við meðferð sambærilegra mála.

Fyrir liggur að starfsmenn Persónuverndar fóru í vettvangsathugun í umrædda bílageymslu 31. maí 2012 og voru þar viðstödd [REDACTED] og [REDACTED] sem voru á meðal þeirra einstaklinga sem stóðu að kvörtuninni í málinu. [REDACTED] eða umboðsmaður hennar voru hins vegar ekki viðstödd athugunina og var ekki kunnugt um hana. Í minnisblaði starfsmanns um athugunina segir m.a. eftirfarandi:

„Tilgangur könnunarinnar var sá að kanna hvort kvörtun þess efnis að íbúi í húsinu sé með eftirlitsmyndavél í bíl í bílageymslunni ætti við rök að styðjast. Ekkert slíkt var að sjá og var greint frá því af hálfu Persónuverndar að málid yrði fellt niður ef engin sönnunargögn bärust. [REDACTED] sagði að til væri ljósmynd og myndskeið þar sem sjá mætti vélina. Því til sönnunar sótti hann myndavél sína og sýndi umrædda ljósmynd og myndskeið. Ljósmyndin var óskýr en af myndskeiðinu virtist mega ráða að eftirlitsmyndavél hefði verið komið fyrir í bíl í bílageymslunni. Af hálfu Persónuverndar var leiðbeint um að senda þessi gögn en ella yrði málid fellt niður.“

Af þessu tilefni skal tekið fram að af óskráðri meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar leiðir að þegar eftirlitsstjórnvald hyggst beita rannsóknarheimildum sínum og hefur fleiri en einn kost á að ná því markmiði sem stefnt er að með beitingu heimildarinnar ber því að velja vægasta úrræðið sem að gagni kemur. Við beitingu þess úrræðis ber jafnframt að gæta hófs. Þegar Persónuvernd beitir heimildum sínum samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000 til aðgangs að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer hugsanlega fram og húsnæðið er ekki opið almenningi leiðir því að mínu mati af hinni óskráðu meðalhófsreglu að leita ber samþykkis þeirra sem í hlut eiga og hagsmunu eiga að gæta, sé þess nokkur kostur. Þá bendi ég á að í stjórnsýslurétti hefur almennt verið talið að þegar tveir eða fleiri málсаðilar hafa ólíkra og jafnvel andstæðra hagsmunu að gæta þurfi stjórnvald að gæta jafnræðis við málsmeðferð og tryggja málsáðilum eftir fremsta megni jafna aðstöðu til aðkomu að máli.

Í skýringum Persónuverndar til mín, dags. 19. september sl., segir um þetta atriði í kvörtun [REDACTED] að vettvangsathugunin hafi verið talin hófleg og eðlileg ráðstöfun og nauðsynleg til að upplýsa málíð. Þá er bent á að við slikein vettvangsathuganir þurfi jafnan að meta að hvaða marki skuli aðvara áður en komið er á staðinn til að rannsókn spillist ekki. Að lokum er vísað til þeirra heimilda sem stofnuninni eru fengnar með 2. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og lýst þeirri afstöðu að við beitingu heimildarinnar í þessu tilviki hafi þess verið gætt að ganga ekki lengra en þurfti til að upplýsa um atvik málsins, og meðalhófs og sjónarmiða um réttláta málsmeðferð hafi verið gætt.

Ég skil framangreindar skýringar Persónuverndar til mín á þann hátt að það hafi ekki verið talið fallið til að ná markmiðum vettvangsathugunarinnar að tilkynna [REDACTED] um hana fyrir fram. Hins vegar kemur ekki fram í skýringum Persónuverndar hvers vegna starfsmenn Persónuverndar gerðu ekki tilraun til að gera henni viðvart þegar á vettvanginn var komið og eftir atvikum leita eftir afstöðu hennar til athugunarinnar eða veitta henni eða umboðsmanni hennar kost á að vera viðstöddum. Ég kem því þeirri ábendingu á framfæri að framvegis verði betur hugað að þessum sjónarmiðum við meðferð samþærilegra mála hjá Persónuvernd.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.